

Ed.

570. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Minni hlutinn leggur til, að frv. verði fellt, og mun skila sérstöku álit, en meiri hlutinn mælir með samþykkt þess.

Fram til ársins 1945 voru tvö læknishéruð á Fljótsdalshéraði, en voru þá sam- einuð. Íbúar héraðsins telja, að hin breytta skipun hafi gefizt illa. Liggja fyrir ítrekaðar samþykktir frá oddvitafundum hinna 10 sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir því, að læknishéraðinu verði skipt að nýju.

Með hliðsjón af stærð byggðarlagsins, landsháttum og þeim verkefnum, er leiðir af rekstri sjúkraskýlis, virðist eðlilegt að samþykkja frv. það, er hér liggur fyrir.

Alþingi, 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form., frsm.

Ingólfur Flygenring,
fundaskr.

Karl Kristjánsson.